

Akraneskaupstaður
Stílholt 16-18
300 Akranes

HVALFJARÐAR
SVEIT



Hvalfjarðarsveit
Innrímél 3
301 Akranes

Sími 433 8500

Kt. 630606-1950

10. desember 2020

2012030 GT

Uppsögn Hvalfjarðarsveitar á samstarfssamningi um ýmis málefni á sviði félags- og íþróttamála.

Á 319. fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar sem haldinn var **8.12.2020** var tekið fyrir mál:

Samstarfssamningur við Akraneskaupstað um ýmis málefni á sviði félags- og íþróttamála - 2012030.

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

"Þann 15. desember 2014 samþykkti sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar að segja upp og óska endurskoðunar á nokkrum samstarfssamningum milli Hvalfjarðarsveitar og Akraneskaupstaðar. Þar á meðal var samstarfssamningur um ýmis málefni á sviði félags- og íþróttamála. Þrátt fyrir uppsögn samnings um ýmis málefni á sviði félags- og íþróttamála þann 15. des. 2014 hefur Hvalfjarðarsveit greitt samkvæmt ákvæðum samningsins. Samningurinn er um fræðslu vegna félagslegrar heimaþjónustu og rekstur íþróttamannvirkja á Akranesi. Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur lýst áhuga sínum á að styðja frekar beint við starf íþróttafélaga á Akranesi vegna þátttöku íbúa Hvalfjarðarsveitar í því starfi. Slíkar hugmyndir hafa verið kynntar fyrir forsvarsmönnum Akraneskaupstaðar. Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkir að staðfesta fyrri uppsögn á samstarfssamningi um ýmis málefni á sviði félags- og íþróttamála og telur ekki ástæðu til að endurnýja hann."

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Það tilkynnist hér með

Með kveðju,

Guðný Tómasdóttir
ritari

gudnyt@hvalfjardarsveit.is